Fjölmennt á Kjarvalsstöðum

Septemhópurinn opnaði sýningu á laugardaginn að Kjarvalsstöðum sem tileinkuð er Valtý Péturssyni sem lést fyrr á þessu ári. Hann var einn af upphafsmönnum septemhópsins sem sýndi fyrst 1947. Þetta var og er hópur listmálara sem leituðu út fyrir landslagsmyndirnar í hið óhlutbundna. Í hópnum eru nú Guðmunda Andrésdóttir, Steinþór Sigurðsson, Kristján Davíðsson, Jóhannes Jóhannesson og Hafsteinn Austmann.


Eins og venjulega var margt um manninn við opnunina enda á þessi hópur orðið fastan stað í hjörtum margra. Og ekki hvað síst Valtýr Pétursson en hann á fjölda verka á sýningunni.



Tveir reffilegir voru mættir til að njóta sýningarinnar á Kjarvalsstöðum, þeir Kristján Karlsson skáld og Karl Strand geðlæknir.



Það fór vel á með Gunnar Eyjólfssyni leikara og hjónunum Hafsteini Austmann og Guðrúnu Stephensen við opnunina. Hafsteinn er úr Septemhópnum.



Glöggt má sjá tvö stór og myndarleg listaverk á þessari mynd. Málverkið er eftir Hafstein Austmann og skúlptúrinn er eftir Guðmund Benediktsson myndhöggvara.




Jón Baldvinsson listmálari, oft nefndur Jón Bali, og Gunnar Örn á tali við opnun sýningar hans. Það má geta þess að innan tíðar mun Jón Bali opna myndlistarsýningu.

Opnun Nýhafnarsýningar Gunnars Arnar

Gunnar Örn Gunnarsson opnaði nýlega sýningu í Nýhöfn en hann er orðinn meðal þekktustu myndlistarmanna landsins og utan þess. Gunnar var valinn fulltrúi Íslands í Feneyjabíennalnum sem nú er nýlokið. Hann á orðið verk á mörgum söfnum, svo sem Listasafni Íslands, Listasafni Háskólans, Listasafni ASÍ og erlendis í Saubu Museum í Tokýo auk þess sem hið virta Guggenheim Museum í New York keypti verk eftir hann.

Sýning hans stendur fram í miðjan nóvembermánuð.



Jóel Jónasson, bóndi og veitingamaður, við afgreiðslu í verslun sinni.
DV-mynd Róbert

Veitingasalan aukabúgrein

Róbert Jörgensen, DV, Stykkishólmi:

Bíldhólsskála þekkja allir sem um Heydalsveg á Snæfellsnesi aka. Þar er boðið upp á nauðsynjavörur fyrir ferðamenn, svo sem eins og bensín og olíur á bílinn og kaffi, brauð og kökur, auk öls og sælgætis í svanginn svo eitthvað sé nefnt. Færri hafa kynnst því hversu gott er að þiggja heitan kaffisopa þegar komið er yfir þennan fjallveg sem stundum getur verið erfiður yfirferðar á veturna.

Fréttaritari DV tók eiganda veitingastaðarins tali en það er Jóel Jónasson. Aðspurður sagði Jóel að aðalatvinna hans væri sauðfjárbúskapur og hann stundaði veitingasöluna sem aukabúgrein. Hann tók við rekstri skálans sumarið 1985 og hefur rekstrinn gengið misjafnlega.

Salan í sumar var til dæmis léleg framan af en lagaðist þegar líða tók á sumarið. Jóel gerði ekki ráð fyrir mikilli sölu í vetur. Það þyrfti að gera snjóþungan vetur og það vonaði hann að yrði ekki. Síðustu vetur hefðu ekki verið snjóþungir.

Nauðungaruppboð

á eftirtöldum fasteignum fer fram í dómsal embættisins, Skógarhlíð 6, 3. hæð, á neðangreindum tíma:

Funahöfði 7, þingl. eig. Miðfell hf., föstud. 4. nóv. '88 kl. 13.30. Uppboðsbeiðendur eru Ásgeir Thoroddsen hdl., Sigurður Sigurjónsson hdl., Othar Örn Petersen hrl., Skúli Bjarnason hdl., Gjaldskil sf., Ásdís J. Rafnar hdl., Jóhann H. Níelsson hrl., Ingólfur Friðjónsson hdl., Atli Gíslason hdl., Jón Ingólfsson hdl., Gjaldheimtan í Reykjavík, Ólafur Axelsson hrl. og Hróbjartur Jónatansson hdl.

Hraunbær 194, 3. hæð, þingl. eig. Guðmundur A. Guðmundsson, föstud. 4. nóv. '88 kl. 13.30. Uppboðsbeiðendur eru Landsbanki Íslands, Guðríður Guðmundsdóttir hdl., Ólafur Garðarsson hdl., Róbert Árni Hreiðarsson hdl., Ólafur Garðarsson hdl. og Gjaldheimtan í Reykjavík.

BORGARFÓGETAEMBÆTTIÐ Í REYKJAVÍK.

Nauðungaruppboð

annað og síðara á eftirtöldum fasteignum fer fram í dómsal embættisins, Skógarhlíð 6, 3. hæð, á neðangreindum tíma:

Kríuhólar 6, 1. hæð B, talinn eig. Kristín N. Hounslow, föstud. 4. nóv. '88 kl. 11.15. Uppboðsbeiðandi er Veðdeild Landsbanka Íslands.

Laugavegur 49, 3. hæð t.h., þingl. eig. Sigurður Einarsson og Sigrún Unnsteinsd., föstud. 4. nóv. '88 kl. 11.30. Uppboðsbeiðendur eru Veðdeild Landsbanka Íslands og Gjaldheimtan í Reykjavík.

Laugavegur 157, þingl. eig. Bragi Kristiansen, föstud. 4. nóv. '88 kl. 11.15. Uppboðsbeiðendur eru Veðdeild Landsbanka Íslands og Gjaldheimtan í Reykjavík.

Logafold 23, þingl. eig. Unnur Ingólfsdóttir, föstud. 4. nóv. '88 kl. 10.30. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

M.s. Eldvík, þingl. eig. Skipafélagið Víkur hf., föstud. 4. nóv. '88 kl. 11.00. Uppboðsbeiðendur eru Tryggingastofnun ríkisins og Landsbanki Íslands.

M.s. Hvalvík, þingl. eig. Skipafélagið Víkur hf., föstud. 4. nóv. '88 kl. 11.00. Uppboðsbeiðendur eru Tryggingastofnun ríkisins og Landsbanki Íslands.

Neðstaberg 5, þingl. eig. Finnbogi G. Kristjánsson, föstud. 4. nóv. '88 kl. 11.15. Uppboðsbeiðendur eru Eggert B. Ólafsson hdl. og Lögmenn Hamraborg 12.

Njálsgata 5, kjallari, þingl. eig. Matthías Skjaldarson, föstud. 4. nóv. '88 kl. 11.45. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Njálsgata 33B, þingl. eig. Hjálmar J. Fornason, föstud. 4. nóv. '88 kl. 13.45. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Njálsgata 74, þingl. eig. Kristmundur Sörlason, föstud. 4. nóv. '88 kl. 13.30. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Njörvasund 16, efri hæð, þingl. eig. Þóra Sveinbjörnsdóttir, föstud. 4. nóv. '88 kl. 11.45. Uppboðsbeiðandi er Veðdeild Landsbanka Íslands.

Nönnugata 16, 04-01, þingl. eig. Sverrir Árnason, föstud. 4. nóv. '88 kl. 13.45. Uppboðsbeiðendur eru Veðdeild Landsbanka Íslands og Tryggingastofnun ríkisins.

Rofabær 47, 2. hæð t.h., þingl. eig. Laufey Helga Ásmundsdóttir, föstud. 4. nóv. '88 kl. 14.00. Uppboðsbeiðandi er Veðdeild Landsbanka Íslands.

Sigtún 37, kjallari, þingl. eig. Pálmar Halldórsson og Helga Halldórsd., föstud. 4. nóv. '88 kl. 14.15. Uppboðsbeiðendur eru Veðdeild Landsbanka Íslands og Gjaldheimtan í Reykjavík.

Skildinganes 4, kjallari, þingl. eig. Eyjólfur Magnússon, föstud. 4. nóv. '88 kl. 14.00. Uppboðsbeiðendur eru Veðdeild Landsbanka Íslands og Lögfræðiþjónustan hf.

Skúlagata 52, kjallari, þingl. eig. Friðrik Árni Pétursson, föstud. 4. nóv. '88 kl. 14.15. Uppboðsbeiðandi er Veðdeild Landsbanka Íslands.

Snorrabraut 33, 2. hæð t.h., talinn eig. Gísli Pálsson og Sylvía Ólafsdóttir, föstud. 4. nóv. '88 kl. 15.00. Uppboðsbeiðandi er Veðdeild Landsbanka Íslands.

Snorrabraut 42, 1. hæð, talinn eig. Anna Árnadóttir, föstud. 4. nóv. '88 kl. 14.45. Uppboðsbeiðendur eru Veðdeild Landsbanka Íslands, Sveinn Skúlason hdl., Ásgeir Thoroddsen hdl., Friðjón Örn Friðjónsson hdl. og Búnaðarbanki Íslands.

Sólheimar 35, kjallari, suðurendi, þingl. eig. Skúli Einarsson, föstud. 4. nóv. '88 kl. 15.00. Uppboðsbeiðandi er Veðdeild Landsbanka Íslands.

Suðurlandsbraut 12, þingl. eig. Stjörnuhúsið hf., föstud. 4. nóv. '88 kl. 10.45. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Tangarhöfði 3, 2. hæð, þingl. eig. Hafrafell hf., föstud. 4. nóv. '88 kl. 10.45. Uppboðsbeiðandi er Bæjarfógetinn í Kópavogi

BORGARFÓGETAEMBÆTTIÐ Í REYKJAVÍK.

Nauðungaruppboð

þriðja og síðasta á eftirtöldum fasteignum:

Efstaland 2, 2. hæð t.h., þingl. eig. Ólafur Haraldsson, fer fram á eigninni sjálfri, föstud. 4. nóv. '88 kl. 16.45. Uppboðsbeiðandi er Arnmundur Backman hrl.

Efstasund 17, hluti, þingl. eig. Ástþór Guðmundsson, fer fram á eigninni sjálfri, föstud. 4. nóv. '88 kl. 16.00. Uppboðsbeiðandi er tollstjórinn í Reykjavík.

BORGARFÓGETAEMBÆTTIÐ Í REYKJAVÍK.